

Fyrirspurn

til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um tekjur
og gjaldtöku Isavia á Keflavíkurflugvelli.

Frá Jóni Steindóri Valdimarssyni.

1. Hverjar voru heildartekjur ISAVIA og/eða ríkisins vegna lendingargjalda, farþegagjalda, stæðisgjalda, flugverndargjalda, flugleiðsögugjalda og annarra gjalda sem við kunna að eiga á Keflavíkurflugvelli árin 2013–2018, sundurliðað eftir árum, og:
 - a. hversu stór fjárhæð var komin fram yfir gjalddaga í lok hvers árs,
 - b. hve há fjárhæð tapaðist á hverju ári vegna ógreiddra gjalda,
 - c. hve háir dráttarvextir voru reiknaðir af framangreindum gjöldum sem komin voru í vanskil ár hvert,
 - d. hve háar eru skuldir flugfélaga sem komnar eru fram yfir gjalddaga og/eða eindaga 1. nóvember 2018?
2. Getur ISAVIA beitt stöðvunarheimild á vélar sem eru í leigu flugfélags fyrir skuldum félagsins sem ekki tengjast þeirri flugvél?
3. Telur ráðherra það ásættanlegt að ISAVIA veiti einstökum flugfélögum greiðslufrest án trygginga á háum fjárhæðum sem eru í vanskilum?

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Fyrirspurn þessi er lögð fram til að fylgja eftir fyrirspurn á þingskjali 304 í 273. máli yfirstandandi þings, sbr. svar ráðherra á þingskjali 394.

Óskað er eftir því að tölur komi fram í svari ráðherra við 1. tölul. en ekki látið nægja að vísa á aðrar heimildir. Svar við d-lið 1. tölul. óskast sundurliðað eftir flugfélögum, þó þannig að nöfn einstakra flugfélaga komi ekki fram.

